

AFRIT

Orkustofnun
Grensásvegi 9
108 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 16. júní 2015
UST201505-125/B.S.
10.05.07


Efni: Nýtingarleyfi - neysluvatn í landi Tungu í Svínadal. Umsögn


Vísað er til bréfs Orkustofnunar dags. 12. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn.

Sótt er um að taka aukið vatnsmagn úr lindum í landi Hlíðarfótar og Tungu. Talið er að aukin vatnstaka í Tungu nemi um 5% af minnsta mældu rennsli Laxár. Í umræddri umsókn er lögð fram eftirfarandi tillaga til að draga úr neikvæðum áhrifum vatnstöku á Laxá: „Til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á Laxá þegar lágrennsli er mun Vatnsveitufélagið taka „iðnaðarvatn“ þegar ákveðið lágrennsli er í Laxá og kæmi það vatn þá í stað þess viðbótarvatns að hluta sem nú er sótt um leyfi til að afla.“

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrædda umsókn ef þess verður gætt að vatnstakan hafi ekki neikvæð áhrif á Laxá á þeim tímum þegar lágrennsli er í ánni.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri